



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, sameignarfélög og fyrirtækjaskrá. 132. mál**

Samtök atvinnulífsins- SA, vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp. SA hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem þar eru lagðar til á lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, lögum nr. 50/2007 um sameignarfélög og lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrár. Samtökin telja að með frumvarpinu sé stigið skref í þá átt að bæta þjónustu við atvinnulífidið og mælir því með því að það verði samþykkt.

Rétt er þó að leggja áherslu á að SA telur afar mikilvægt að sá kostnaðarauki sem verður til við samþykkt frumvarpsins, sbr. kostnaðarumsögn fjármála- og efnahagsráðuneytis, lendi ekki á atvinnulífinu heldur sé mætt með framlagi úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Kristín Þóra Harðardóttir hdl.